

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 17. desember 2024 í máli nr. 42/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 13. apríl 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að fella niður reikning að fjárhæð 2.439.298 krónur en einnig að varnaraðila verði gert að stíla reikninga á sig persónulega en ekki fyrirtæki í eigu sóknaraðila.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 8. maí 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust 23. maí 2024. Athugasemdir frá sóknaraðila bárust nefndinni þann 5. júní 2024 og athugasemdir frá seljanda bárust 12. sama mánaðar.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda aðila, afrit af reikningum, dags. 11. desember 2023 og 5. mars 2024, afrit af skriflegum samskiptum aðila, afrit af tilboði og yfirlýsing frá [...].

Með bréfi, dags. 17. desember 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að ágreiningur málsins varði þjónustu við að meta kostnað við viðgerð á átta hestafla innanborðs díselvél af gerðinni [...] í 25 feta trefjaplast seglbát. Umræddur bátur hafi verið smíðaður árið 1974 en vélin sé frá sama ári. Sóknaraðili vísar til þess að hægt sé að fá nýja tíu hestafla vél af sömu gerð í bátinn fyrir 4.000 pund eða 704.000 krónur og því hafi hann viljað láta meta hvort það borgaði sig að gera upp vélin eða kaupa nýja vél. Þá varði ágreiningur málsins einnig á hvern eigi að skrifa reikninga vegna þjónustunnar en seljandi hafi, þvert á óskir sóknaraðila, stílað reikninga á fyrirtæki sem sóknaraðili eigi eignarhlut í.

Sóknaraðili vísar til þess að hann hafi leitað ráðlegginga hjá fagaðila um hvort það borgaði sig að gera upp umrædda vél eða hvort rétt væri að afskrifa hana. Sóknaraðili vísar til þess að hann hafi verið skýr um hámarkskostnað frá upphafi og að hann vildi fá áætlaðan kostnað við viðgerðina. Varnaraðili hafi ekki upplýst sóknaraðila um verð vegna þjónustunnar fyrr en með reikningum, dags. 11. desember 2023 og 5. mars 2024. Sóknaraðili telur að varnaraðila hafi mátt vera ljóst að sóknaraðili hafi ekki viljað greiða meira en þrefaldan kostnað fyrir viðgerðina miðað við verð nýrrar vélar og hafi því átt að upplýsa sóknaraðila um verðið áður en hann framkvæmdi umrædda viðgerð. Sóknaraðili hafi óskað eftir því í samtali við varnaraðila þann 4. janúar að hann myndi upplýsa um kostnað á varahlutum og gera kostnaðaráætlun vegna viðgerðarinnar. Þá bendir sóknaraðili á að hann hafi á engum

tímapunkti óskað eftir að reikningar yrðu stílaðir á fyrirtæki í sinni eigu og gerir því kröfu um að þeir verði felldur niður. Sóknaraðila hafi ekki verið kunnugt um reikning, dags. 21. desember 2023, að fjárhæð 86.781 krónur en sá reikningur hafi verið greiddur af framkvæmdarstjóra fyrirtækisins án hans vitneskju. Sóknaraðili gerir kröfu um að ógreiddur reikningur, dags. 5. mars 2024, að fjárhæð 2.439.298 krónur verði felldur niður.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi gefið upp netfang hans hjá umræddu fyrirtæki og reikningur hafi verið sendur rafrænt á umrætt netfang þann 12. desember 2023. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins hafi óskað eftir afriti af reikningnum en reikningurinn hafi verið greiddur viku síðar án athugasemda. Varnaraðili hafi því mátt líta svo á að reikningurinn hafi verið sendur á réttan aðila. Varnaraðili bendir á að viðskiptin séu milli tveggja lögaðila og málið eigi því ekki undir kæruneftndina. Þá bendir varnaraðili á að hugmyndir sóknaraðila um verð og hámarkskostnað hafi ekki komið fram í samskiptum við varnaraðila. Aðspurður hafi sóknaraðili upplýst varnaraðila um að hann vildi helst gera upp vélna ef hægt væri að fá varahluti í hana í stað þess að fá nýja. Varnaraðili vísar til þess að viðgerðinni sé lokið með tilheyrandi kostnaði við vinnu og kaup á varahlutum.

IV

Lagaumhverfi

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Í II. kafla þkpl. er fjallað um samninga um kaup á þjónustu o.fl. Í 4. gr. laganna er kveðið á um að útseld þjónusta, sem veitt sé í atvinnuskyni, skuli vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti. Þá er seljanda skylt að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum. Fjallað er um leiðbeiningarskyldu seljanda í 6. gr. laganna. Í 7. gr. þeirra segir að seljandi geti þrátt fyrir ákvæði 6. gr. krafist greiðslu vegna vinnu og útlagðs kostnaðar að svo miklu leyti sem það getur talist sanngjarnt. Af ákvæðum 4. og 6. gr. laganna leiðir að seljandi hefur leiðbeiningarskyldu að gegna en markmið þeirra er að koma í veg fyrir óvænt og ófyrirséð útgjöld fyrir neytanda. Þá ber seljanda að tilkynna neytanda ef þjónustan verður mun dýrari en neytandinn hefur mátt gera ráð fyrir. Aðili sem hefur atvinnu af því að selja þjónustu sína á grundvelli fagþekkingar er betur fær um að gera sér grein fyrir kostnaði og tíma við verk en kaupandi þess.

Fjallað er um verð á þjónustu í VII. kafla þkpl. Sé ekki samið um verð fyrir keypta þjónustu eða verðtilboð gert ber neytanda að greiða það sem má telja sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er, sbr. 28. gr. þkpl. Í ákvæðinu felst samkvæmt athugasemdum í frumvarpi til þkpl. að ef aðilar hafa ekki samið um verð skuli greiða það verð sem telja má sanngjarnt. Við mat á því hvort tímafjöldi og annar kostnaður sé hæfilegur ber að miða við það sem yfirleitt tíðkast í greininni þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi.

V Niðurstaða

Sóknaraðili hafði samband við varnaraðila vegna viðgerðar á átta hestafla [...] innanborðs díselvél í 25 feta seglbát, árgerð 1974, í eigu sóknaraðila. Samkvæmt upplýsingum frá sóknaraðila er umrædd díselvél upprunaleg frá árinu 1974. Að sögn sóknaraðila leitaði hann ráðlegginga hjá varnaraðila um hvort það borgaði sig að gera vélina upp. Sóknaraðili kveðst hafa verið skýr um að hámarkskostnaður viðgerðarinnar miðaðist við verð á nýrri vél eða um 700.000 krónur. Sóknaraðili gerir athugasemdir við að varnaraðili hafi ekki upplýst sóknaraðila um áætlaðan viðgerðarkostnað áður en viðgerðin sjálf var framkvæmd. Þá hefur sóknaraðili vísað til þess að hann hafi leitað til varnaraðila sem fagmanns og hann hafi mátt gera sér grein fyrir að það borgaði sig ekki að gera við vélina og að sóknaraðili vildi ekki greiða þrefaldan kostnað á nýrri vél fyrir viðgerð á gamalli vél. Á móti hefur varnaraðili vísað til þess að sóknaraðili hafi tjáð honum að hann vildi helst gera umrædda vél upp ef hægt væri að finna varahluti í hana, aðspurður hvort hann vildi ekki frekar nýja vél í bátinn.

Varnaraðili hefur gert kröfu um samtals 2.526.089 krónur vegna viðgerða á umræddri vél. Þar af hefur varnaraðili krafist sóknaraðila um 86.781 krónur með reikningi, dags. 11. desember 2023, vegna vinnu við að losa og hífa vél og þjöppumæla hana á verkstæði varnaraðila, og 2.439.298 krónur með reikningi, dags. 5. mars 2024, vegna varahluta og vinnu við að gera vélina upp. Fyrri reikningur hefur þegar verið greiddur. Sóknaraðili gerir kröfu um að ógreiddur reikningur að fjárhæð 2.439.298 verði felldur niður.

Varnaraðili byggir meðal annars á því að ágreiningur málsins sé á milli tveggja lögaðila og eigi því ekki undir kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Óumdeilt er að umþrættir reikningar voru stílaðir á fyrirtækið [...] sem er í eigu sóknaraðila. Sóknaraðili hefur ítrekað vísað til þess að hann hafi persónulega óskað eftir aðstoð varnaraðila og hefur gert kröfu um að umþrættir reikningar séu stílaðir á sig persónulega. Samkvæmt upplýsingum úr skipaskrá er seglbáturinn skráður í eigu sóknaraðila sjálfs. Þá liggur ekkert fyrir um að sóknaraðili hafi komið fram í nafni fyrirtækisins eða hafi óskað eftir því að reikningar yrði stílaðir á fyrirtækið. Sú staðreynd að reikningar sem um er deilt í málinu hafi verið stílaðir á fyrirtæki í eigu sóknaraðila dugir að mati kæruneftndarinnar ekki til að vísa málinu frá, enda telur nefndin ekki sýnt fram á, gegn andmælum sóknaraðila, að samningssamband hafi stofnast milli varnaraðila og fyrirtækisins [...].

Sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila við viðgerð á umræddum seglbáti. Ágreiningur málsins heyrir undir gildissvið þkpl., sbr. 1. tölul. 1. gr. laganna. Seljandi þjónustu hefur leiðbeiningarskyldu að gegna en markmið ákvæða 4. og 6. gr. þkpl. er að koma í veg fyrir óvænt og ófyrirséð útgjöld fyrir neytanda og stuðla að því að seljandi þjónustu og kaupandi ræði saman um þau verk sem vinna skal og komist að samkomulagi um það hvað eigi að gera í hverju einstöku tilviki. Í þeim tilvikum sem seljanda verður ekki ljóst að aukinn kostnaður muni fylgja verki fyrr en verkið er hafið, ber seljanda að tilkynna neytanda um slíkt þegar það kemur í ljós, og óska eftir fyrirmælum um frekari vinnu. Fyrir liggur að aðilar máls gerðu ekki skriflegan samning um verkið eða fjárhæð þess. Þá liggja ekki fyrir gögn sem varpa ljósi á samskipti aðila áður en verkið hófst.

Kæruneftndin bendir á að varnaraðili er sérfræðingur og honum ber að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni sóknaraðila fyrir

augum. Kæruneftndin bendir á að varnaraðili hafi mátt gera sér grein fyrir kostnaði við viðgerð á vélinni í samanburði við kaup á nýrri vél og verður að gera þær kröfur til varnaraðila að upplýsa sóknaraðila um þá möguleika sem eru fyrir hendi og áætlaðan kostnað áður en verk er hafið. Að mati kæruneftndarinnar verður varnaraðili að bera hallann af því að hafa ekki sýnt fram á það í málinu að hann hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart sóknaraðila. Þá hefur varnaraðila ekki tekist gegn andmælum sóknaraðila að sýna fram á að sóknaraðili hafi frekar viljað gera við umrædda vél en að kaupa nýja svo sem varnaraðili hefur haldið fram. Bar varnaraðila að upplýsa sóknaraðila um áætlaðan kostnað og óska eftir fyriræmum um verkið. Fyrir liggur að varnaraðili hafði ekki gert tilboð eða verðáætlun í verkið. Verður fallist á að sóknaraðila verði ekki gert að greiða fyrir þjónustu varnaraðila nema að því leyti sem telja má eðlilegt og sanngjarnt með hliðsjón af atvikum málsins.

Við mat á sanngjörnu verði verður að líta til þess að reikningur, dags. 11. desember 2023, vegna vinnu við að losa vél og þjoppumæla hefur verið greiddur en kæruneftndin telur sanngjarnt að sóknaraðili beri slíkan kostnað. Þá bendir kæruneftndin á að samkvæmt upplýsingum frá sóknaraðila er verð á nýrri vél um 700.000 krónur. Undir rekstri málsins óskaði kæruneftndin eftir gögnum frá sóknaraðila því til stuðnings. Sóknaraðili lagði fram afrit af tilboði, dags. 11. nóvember 2024, vegna „[...]“. Tilboðið sem sóknaraðili lagði fram var að fjárhæð 1.111.096 krónur m/vsk. en uppsetning, akstur eða sendingarkostnaður var ekki innifalinn í verðinu. Sóknaraðili benti á að áætlaður kostnaður við ísetningu vélarinnar væri að hámarki 200.000 krónur. Ekki liggja fyrir tilboð eða frekari upplýsingar um kostnað vegna ísetningar.

Með hliðsjón af öllu framangreindu og þær upplýsingar sem liggja fyrir í málinu telur kæruneftndin að sóknaraðila beri að greiða varnaraðila þann kostnað sem nemur nýrri vél. Samkvæmt framlögðu tilboði sóknaraðila er verð á nýrri vél 1.111.096 krónur. Samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir í málinu er umþrætt vél enn í vörslu varnaraðila en viðgerð er lokið. Stendur því eftir að greiða fyrir ísetningu vélarinnar. Með hliðsjón af öllu framangreindu ber sóknaraðila að greiða 1.111.096 krónur til varnaraðila, gegn afhendingu vélarinnar. Ber sóknaraðila að greiða fyrir þann kostnað sem hlýst af afhendingu vélarinnar eða ísetningu hennar. Varnaraðila ber að lækka greiðslukröfu sína um 1.328.202 krónur. Þá verður að hafa í huga að [...] er ekki réttur aðili að kröfu varnaraðila, sbr. framangreinda umfjöllun.

VI Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að lækka greiðslukröfu sína um 1.328.202 krónur. Þá ber varnaraðila að stíla reikning á sóknaraðila í stað fyrirtækis í hans eigu.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson